

**STARFSREGLUR
HAGSMUNARÁÐS SJÓÐA
SEM TENGDIR ERU EINKABANKAÞJÓNUSTU
ARION BANKA HF.**

1. Hagsmunaráð Premía sjóða

1.1. Starfsreglur þessar:

- 1.1.1. gilda um hagsmunaráð („ráðið“) sem ætlað er að stuðla að og efla þjónustu við viðskiptavinum í sjóðum Stefnis hf. („Stefnir“) sem fjárfest hafa í þeim fyrir tilstuðlan einkabankaþjónustu Arion banka hf. („Arion“), sem fer fram innan Markaða. Ráðið mun starfa í samræmi við starfsreglur þessar.
- 1.1.2. fjalla um verklag er varðar starfsemi og hlutverk ráðsins gagnvart tilgreindum sjóðum í grein 1.2, sem starfa á grundvelli laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, þar sem hlutdeildarskírteini sæta með reglulegum hætti innlausn að kröfu hlutdeildarskírteinishafa.
- 1.1.3. eru settar í samræmi við reglugerð nr. 471/2014 um skipulagskröfur rekstrarfélaga verðbréfasjóða og framselda reglugerð (ESB) nr. 231/2013.

1.2. Þeir sjóðir sem falla undir starfssvið ráðsins eru eftirtaldir sjóðir sem Stefnir stofnaði og eru einkum markaðssettir gagnvart viðskiptavinum einkabankaþjónustu Arion:

- 1.2.1. Premía A skuldabréfasafn hs.
- 1.2.2. Premía B – hámark 25% hlutabréf hs.
- 1.2.3. Premía C – hámark 50% hlutabréf hs.
- 1.2.4. Premía D – hámark 75% hlutabréf hs.
- 1.2.5. –Premía – hlutabréfasafn hs.
- 1.2.6. –Premía F – erlent hs

Hér eftir í sameiningu nefndir „sjóðirnir“.

- 1.3. Gert er grein fyrir tilvist hagsmunaráðsins í 4. mgr. 1. greinar reglna sjóðanna.
- 1.4. Rekstraraðili sjóðanna er Stefnir. Stefnir greiðir kostnað við störf ráðsins.
- 1.5. Í samræmi við innra skipulag Stefnis hverju sinni annast starfsfólk Stefnis nauðsynlega greiningarvinnu vegna fjárfestinga sjóðanna og tekur ákvarðanir um fjárfestingar hverju sinni, ýmist eitt og sér (sem sjóðstjórar) eða sameiginlega í samræmi við reglur Stefnis um fjárfestingarákvarðanir og fjárfestingaráð Stefnis (e. Stefnir Asset Allocation Committee).
- 1.6. Ráðið fjallar eingöngu um þau málefni sem tilgreind er í reglum þessum.

2. Skipan ráðsins

- 2.1. Ráðið er skipað af framkvæmdastjóra Stefnis til eins árs í senn. Framkvæmdastjóri Stefnis skal eiga sæti í ráðinu og vera formaður þess. Aðilar í ráðinu skulu hafa yfirgripsmikla sérþekkingu á sviði því sem fjárfestingaheimildir sjóðanna taka til hverju sinni.
- 2.2. Meðlimir ráðsins geta hvenær sem er sagt sig úr ráðinu. Skulu þeir þá senda framkvæmdastjóra Stefnis tilkynningu um afsögn sína.
- 2.3. Þeir aðilar ráðsins, sem ekki starfa hjá Stefni, skulu upplýsa um tengsl sín við aðra sjóði á sama markaði sem sjóðirnir starfa á sem og við aðra rekstraraðila sérhæfðra sjóða, svo ekki sé hætt á hagsmunaárekstrum.

3. Hlutverk ráðsins

- 3.1. Hlutverk ráðsins er að vera ráðgefandi vettvangur til fara yfir og ræða ýmis atriði sem komið geta upp við rekstur sjóðanna, þar með talið mögulega hagsmunaárekstra.
- 3.2. Undir hlutverk ráðsins fellur m.a. að:
 - 3.2.1. fjalla með reglubundnum hætti um fjárfestingar sjóðanna út frá fjárfestingarstefnu hvers og eins sjóðs byggt á upplýsingum sem birtar hafa verið opinberlega,
 - 3.2.2. fjalla um þær fjárfestingahreyfingar sem átt hafa sér stað í starfsemi sjóðanna á milli funda ráðsins og lesa má úr upplýsingagjöf rekstraraðila á heimasíðu sinni, og
 - 3.2.3. fjalla um þróun efnahagsmála á þeim mörkuðum sem sjóðirnir starfa á, hvort heldur sem þætti sem varða hagkerfið í heild eða þætti sem varða sérstaklega hagsmuni hvers sjóðs fyrir sig.
- 3.3. Í umfjöllun sinni mun ráðið fjalla um ytri og innri þætti í umhverfi þeirra félaga og sjóða sem sjóðirnir hafa fjárfest í.
- 3.4. Hlutverk ráðsins er ekki að taka ákvarðanir um einstök viðskipti sjóðanna eða staðfesta slík viðskipti.

4. Fundir ráðsins

- 4.1. Fundir ráðsins skulu haldnir eins oft og sjóðstjórar sjóðanna eða formaður ráðsins telur ástæðu til. Sérhver aðili í ráðinu getur óskað eftir því að fundur fari fram.
- 4.2. Fundir ráðsins skulu almennt haldnir á skrifstofu Stefnis. Unnt er að halda fundi ráðsins með fjarfundarbúnaði eða aðstoð rafrænna miðla að svo miklu leyti sem það samræmist framkvæmd verkefna ráðsins.
- 4.3. Formaður ráðsins eða sjóðstjórar sjóðanna boða til funda ráðsins og annast undirbúning og framkvæmd funda í samstarfi við ritara ráðsins. Að jafnaði skal senda fundarboð og dagskrá með minnst þriggja daga fyrirvara.
- 4.4. Leitast skal við að afhenda fundargögn eigi síðar en einum degi fyrir fund ráðsins.
- 4.5. Sjóðstjórar sjóðanna mæta á fundi ráðsins, þar sem þeir m.a. leggja fram og gera grein fyrir málefnum sjóðanna sem eru á dagskrá hverju sinni.
- 4.6. Fundir ráðsins eru lögmætir ef meirihluti þeirra aðila sem sæti eiga í ráðinu er mættur að því gefnu að formaður ráðsins sé einn þeirra sem mættir eru til fundar.
- 4.7. Halda skal fundargerðabók um fundi ráðsins og skal fundargerð hvers fundar undirrituð af þeim sem sitja viðkomandi fund. Heimilt er að styðjast við rafrænt gagnaherbergi þar sem fundargögn og fundargerðir eru varðveittar. Heimilt er að fundargerðir verði undirritaðar rafrænt.
- 4.8. Áhættustjóri Stefnis hefur heimild til þess að sitja fundi ráðsins sem áheyrnarfulltrúi. Formaður ráðsins tilnefnir ritara. Ritari varðveitir fundargerðir með varanlegum hætti.
- 4.9. Við afgreiðslu ályktana ráðsins nægir að fyrir liggi samþykki meirihluta nefndarmanna en þó þarf formaður að vera þar á meðal.

5. Vanhæfi og hagsmunaárekstrar

- 5.1. Meðlimum ráðsins er skylt að upplýsa um atvik sem geta valdið vanhæfi þeirra vegna hagsmunaárekstra varðandi einstaka dagskrárliði. Til að taka af allan vafa þá er litið svo

á að það valdi ekki starfsmönnum Stefnis vanhæfi þegar fjallað er um fjárfestingar sjóðanna í öðrum sjóðum í stýringu Stefnis, enda er tekið fram í reglum þeirra að slíkar fjárfestingar eru heimilaðar og ekki hefur verið farið út fyrir heimildir þeirra til fjárfestinga í slíkum sjóðum.

- 5.2. Ef það koma upp aðstæður sem valdið geta vanhæfi aðila í ráðinu þá ber þeim aðila ráðsins sem svo er statt um, að gera um leið grein fyrir þeim aðstæðum. Vanhæfur aðili skal ekki að taka þátt í meðferð slíks máls að neinu leyti og á þar af leiðandi ekki að fá aðgang að gögnum eða vera viðstaddur umræður eða ákvarðanatöku á fundum ráðsins þar sem fjallað er um slík mál. Bóka ber í fundargerð að meðlimur ráðsins hafi vikið sæti eftir því sem við á.
- 5.3. Ráðið tekur ákvörðun um vanhæfi einstakra meðlima ráðsins ef vafamál kemur upp.

6. gr. Þagnar- og trúnaðarskylda

- 6.1. Á meðlimum ráðsins hvílir þagnarskylda um málefni sjóðanna og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um sem slíkir og leynt skulu fara. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi hætti í ráðinu.
- 6.2. Meðlimir ráðsins eru ábyrgir fyrir því að tryggja að þær upplýsingar sem þeir fá í hendur sem slíkir og eru trúnaðarmál, verði ekki dreift eða komist í hendur einstaklinga sem ekki sitja í ráðinu.

7. Kynning og breytingar á starfsreglum ráðsins

- 7.1. Þeir sem eiga sæti í ráðinu við setningu starfsreglna þessara skulu staðfesta að þeim hafi verið kynnt efni þeirra og að nýju ef þeim er breytt. Nýjum meðlimum ráðsins skulu kynntar starfsreglurnar og skulu þeir staðfesta því að þeir þekki innihald þeirra á næsta fundi ráðsins.
- 7.2. Framkvæmdastjóri Stefnis setur þessar reglur og getur breytt þeim. Reglurnar eru aðgengilegar á heimasíðu Stefnis.

Þannig samþykkt af framkvæmdastjóra Stefnis þann 26. mars 2026.

Jón Finnbogason

Undirritunarsíða

Jón Finnbogason